

Fyrir heimæðar sem eru lengri en 25 metrar er heimilt að hækka stofngjaldið um allt að kr. 50.00 fyrir hvern lengdarmetra heimæðar, sem umfram er.

Stofngjald skal þó ekki vera hærra en 5000.00.

Við ákvörðun stofngjalds telst lengd heimtaugar vera stytztá leið frá vatnsinntaki að aðalveitu.

Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

3. gr.

Töluröð eftirfarandi greina breytist þannig, að 12. gr. verður 13. gr., 13. gr. verður 14. gr. o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokks-eyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

10. október 1966.

Nr. 221.

AUGLÝSING

um umferð í Akraneskaupstað (Akranesi).

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum, samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Akurgerði að norðanverðu milli Heiðarbrautar og Suðurgötu.
2. Stöðvunarskylda skal vera á Akurgerði, við Suðurgötu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Háholti að sunnanverðu frá Kirkjubraut að Stillholti.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Kirkjubraut að vestanverðu frá Merkigerði að húsinu nr. 31 við Kirkjubraut.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Skagabraut að sunnanverðu frá Kirkjubraut að Þjóðbraut. Enn fremur eru bifreiðastöður bannaðar á Skagabraut að norðanverðu, frá húsinu nr. 17 að húsinu nr. 25.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar á Suðurgötu að vestanverðu frá Hafnarbraut að Skagabraut og á Suðurgötu að austanverðu frá Háteig og upp fyrir húsið nr. 20 við Suðurgötu og frá Akursbraut að Mánabraut. Undanskilin þessu banni eru bifreiðastæðin, sem merkt eru á Suðurgötu að vestanverðu, bæði við Akra-
torg og neðan hússins nr. 83 við Suðurgötu.
7. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vesturgötu að vestanverðu frá Bakkatúni að Deildartúni.

Lögreglustjórnin í Akraneskaupstað, 10. október 1966.

Þórhallur Sæmundsson.